

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 30. júlí 2021.

Mál nr. 491/2021:

A

(Brynjólfur Eyvindsson lögmaður)

gegn

velferðarsviði Reykjavíkurborgar

(Dagmar Arnardóttir lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Lögræði. Sjálfraeðissvipting.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem A var svipt sjálfraeði í tvö ár.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarmarnir Aðalsteinn E. Jónasson, Ragnheiður Harðardóttir og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 20. júlí 2021. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 2021 í málinu nr. L-[...]/2021 þar sem sóknaraðili var svipt sjálfraeði í tvö ár. Kæruheimild er í 1. mgr. 16. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.
- 2 Sóknaraðili krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að sjálfraeðissviptingu hennar verði markaður skemmri tími. Þá krefst sóknaraðili þóknunar til handa verjanda sínum vegna meðferðar málsins fyrir Landsrétti.
- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Niðurstaða

- 4 Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- 5 Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. lögræðislaga greiðist úr ríkissjóði þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila vegna meðferðar málsins fyrir Landsrétti sem ákveðin er að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila fyrir Landsrétti, Brynjólfs Eyvindssonar lögmanns, 167.400 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 2021

Með kröfu, dags. 1. júlí 2021, sem móttekin var sama dag, gerir sóknaraðili, velferðarsvið Reykjavíkurborgar, þá kröfu að A, kt. [...], [...], Reykjavík, verði svipt sjálfræði tímabundið í tvö ár, sbr. a. og b. lið 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. lögræðis laga nr. 71/1997.

Varnaraðili A mótmælir framangreindri kröfu en krefst til vara að sjálfræðissviptingu verði markaður skemmri tími. Af hennar hálfu er þess og krafist að þóknun skipaðs talsmanns verði greidd úr ríkissjóði, sbr. 1. mgr. 17. gr. lögræðis laga.

Um aðild og fyrirvar sóknaraðila er vísað til d-liðar 2. mgr. 7. gr. lögræðis laga nr. 79/1997. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar stendur að beiðni þessari og hefur enn fremur upplýst dóminn um að sóknaraðili sé nú almennt ekki í samskiptum við fjölskyldu sína.

Dómari fékk málinu úthlutað þann 5. júlí sl. Málið var þingfest og síðan tekið til úrskurðar þann 7. júlí 2021 í framhaldi af skýrslutöku af B yfirlækni á deild [...] LSH, sem einnig lét í té læknisvottorð í málinu, dags. 29. júní sl. Enn fremur fóru dómari og verjandi varnaraðila og vitjuðu varnaraðila, degi áður en málið var flutt, á deild [...] LSH þar sem hún er nú innlögð og könnuðu afstöðu hennar til kröfunnar, en hún mætti svo enn fremur í fylgd við aðalmeðferð og gaf þar aðilaskýrslu að eigin ósk.

I

Svo sem rakið er í kröfu þá er varnaraðili [...] ára gömul kona, [...], greind með [...], [...], [...], og fíknisjúkdóm. Hún lauk stúdentsprófi frá [...] og að loknu stúdentsprófi starfaði hún í [...] ár í [...] en flutti til Íslands árið 2000. Frá 2001 hefur varnaraðili þegið örorkulífeyri sér til framfærslu en hún leigir nú [...] ásamt með [...] sínum í Reykjavík.

Varnaraðili hóf neyslu áfengis og neyslu vímuefna á unglingsaldri. Þegar hún var [...] ára hætti hún neyslu áfengis en hélt áfram neyslu vímuefna. Fyrsta innlögn varnaraðila á geðdeild LSH var árið 2000 vegna [...]. Næstu árin á eftir var hún í reglulegu eftirliti hjá geðlækni þar sem hún var greind með [...], [...] og fíknisjúkdóm. Árið 2006 veiktist varnaraðili af [...] og breyttist þá sjúkdómsgreining hennar í [...]. Varnaraðili á nokkrar innlagnir að baki á geðdeild LSH og hefur hún til þessa verið sjálfræðissvipt fjórum sinnum, þ.e. árin [...], en síðasta sjálfræðissvipting varnaraðila rann út í [...] 2020.

Varnaraðili hefur afar takmarkað innsæi í veikindi sín og sé meðferð því nauðsynleg. Eftir að varnaraðili öðlaðist sjálfræði að nýju hætti hún fljótlega að þiggja lyfjameðferð. Varnaraðili er með ýmsar ranghugmyndir og er hún núna innliggjandi á geðdeild LSH. Varnaraðili hefur enn ekki öðlast innsæi í eigin veikindi né sér hún nauðsyn meðferðar.

Í núverandi innlögn var varnaraðili æst við komu, óskrandi og ógnandi. Varnaraðili var metin mjög alvarlega [...] og í geðrofi þannig að ekki var unnt að ná sambandi við hana. Í dvöl sinni hefur hún verið með ranghugmyndir og verið mjög atferlistrufluð.

Varnaraðili kom þá í lögglufylgd á bráðamóttöku Landsspítalans þann [...] júní sl. Hún var þá upphaflega nauðungarvistuð í 72 klst. og í framhaldi stóð velferðarsvið Reykjavíkurborgar að nauðungarvistun í 21 dag, sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 20. og 21. gr. lögræðis laga nr. 71/1997, með beiðni, dags. [...] júní 2021, sem samþykkt var með bréfi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu samdægurs og fallist var á af Héraðsdómi Reykjavíkur með úrskurði, dags. 23. júní 2021. Varnaraðili er nú nauðungarvistuð í allt að 21 dag til og með 6. júlí 2021, en krafa um sjálfræðissviptingu lögð fram 1. júlí 2021.

II

Krafa sóknaraðila um sviptingu sjálfræðis til tveggja árs grundvallast á heimild í 5. gr. lögræðisлага nr. 71/1997 og byggist á því að varnaraðili eigi við geðsjúkdóm að stríða samfara fíknisjúkdómi tengt kanabis neyslu og sé af þeim sökum sjálf ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum í bráð, sbr. a. og b. lið 4. gr. lögræðisлага nr. 71/1997.

Í fyrirbyggjandi læknisvottorði B sérfræðings í geðlækningum og yfirlæknis á bráðageðdeild [...] LSH kemur nánar tiltekið fram í niðurstöðukafla að varnaraðili „sé með langa sögu um alvarlegan [...] sjúkdóm og tíðar innlagnir á geðdeildir. Hún er ekki meðferðarheldin og hefur lítið innsæi í skaðsemi og áhrif fíkniefna á hennar geðheilsu. Hún hefur hingað til verið sjálfræðissvipt fjórum sinnum, síðasta sjálfræðissvipting rann út í [...] 2020. A hætti á forðalyfjum stuttu eftir að sjálfræðissviptingin rann út, eða í [...] 2020 og kaus að taka inn töflur af sama lyfi. Nú í vor dregur síðan úr meðferðarheldni og hún hættir að taka lyfin og veikist illa af [...] með geðrofseinkennum. Það er klárt mynstur í hennar fyrri sjúkrasögu að hún hættir ráðlagðri lyfjameðferð þegar hún hefur útskrifast af deildum og þegar fyrri sjálfræðissviptingar hafa runnið sitt skeið á enda. Bestum tíma hefur A náð þegar hún hefur verið undir stífum meðferðarramma og á forðalyfjum. A er nú á 21 dags nauðungarvistun frá 16. júní sl. og fer fram á útskrift nær daglega. Hún er enn verulega [...] og með geðrofseinkenni og það þarf lengri tíma til að ná henni í jafnvægi þar sem hún þiggur engin geðrofslyf í töfluformi og bíða þarf þess að forðalyf sýni verkun. Það er eindregið mat undirritaðrar að A þurfi lengri tíma í meðferð inniliggjandi á geðdeild. Þegar henni fer að batna af [...] og hún verður fær um að útskrifast er það mat undirritaðrar að það þurfi einnig að tryggja að hún fái forðageðrofslyf með reglulegum hætti og verði undir góðu eftirliti áfram hjá samfélagsgeðteyminu til að hægt sé að fyrirbyggja að hún veikist þetta alvarlega eins og dæmin sýna.“

III

Varnaraðili hefur andmælt kröfunni, en dómari og skipaður talsmaður varnaraðila áttu í gær með henni fund á deild [...] LSH, þar sem hún er nú innlögð vegna veikinda sinna og þar lýsti varnaraðili sjálf að nokkru afstöðu sinni til málsins. Enn fremur kom varnaraðili fyrir dóminn og lýsti þar stuttlega afstöðu sinni til kröfunnar. Tjáði varnaraðili þá m.a. að hún vildi mótmæla fram kominni kröfu um sjálfræðissviptingu og yfirgefa geðdeildina. Að öðru leyti lá nokkuð vel á varnaraðila bæði við heimsóknina og fyrir dómi sem þó sýndi af sér nokkuð sérstök geðbrigði og virtist hafa lítið innsæi í veikindin.

Eins og rakið er nánar hér að framansögðu þá er varnaraðili greind með alvarlegan [...] sjúkdóm og á af þeim sökum að baki ítrekaðar innlagnir á geðdeild síðastliðna tvo áratugi þegar hún heldur ekki nauðsynlega meðferð og lendir jafnvel í geðrofsástandi. Undanfarið hefur varnaraðili verið nauðungarvistuð í slíku ástandi sem að framan greinir.

Fyrir liggur í málinu ítarlegt læknisvottorð, dags. 29. júní sl.. ritað af B, yfirlækni á bráðageðdeild [...], sem B hefur staðfest hér fyrir dómi, en hún lét í té símaskýrslu í málinu. Var framburður geðlæknisins, sem annast hefur um varnaraðila, mjög afdráttarlaus um þörf á tímabundinni sjálfræðissviptingu varnaraðila til tveggja ára hið skemmsta svo að unnt væri að veita henni og tryggja nauðsynlega og samfellda læknismeðferð hvað varðar framangreindan geðsjúkdóm hennar. Varnaraðili sé haldinn geðsjúkdómi, en hafi litla innsýn í þann vanda sinn, sem fari síðan jafnan mjög versnandi þegar hún sinni ekki nauðsynlegri lyfjameðferð og því sé nú nauðsynlegt að tryggja meðferðarheldni hennar því ella sé varnaraðili illa stödd og ráði ekki við aðstæður sínar. Nú sé varnaraðili byrjuð í forðalyfjameðferð, sé enn í manú ástandi, en sé þó ekki hættuleg. Taldi læknirinn tvö ár nauðsyn til þess að tryggja megi nauðsynlega meðferð.

Ekkert er fram komið í málinu sem varpað getur rýrð á vitnisburð læknisins eða á ítarlegt læknisvottorð hennar sem fyrir liggur og það sem þar kemur fram um heilsufar og ástand varnaraðila. Þar á meðal um þörf varnaraðila fyrir áframhaldandi lyfjameðferð og læknisaðstoð vegna sjúkdóms sem ekki verði við ráðið nema með sjálfræðissviptingu.

Verður að mati dómsins að fallast á að málgögn og framburður meðferðarlæknis, sem lét í té ítarlegt vottorð, staðfest fyrir dómi, bendi til þess að nauðsynlegt sé að svipta varnaraðila sjálfræði tímabundið. Með þessu verður að telja að fullnægt sé áskilnaði a- og b-liða 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. lögræðis laga nr. 71/1997 til að fallast beri á kröfu sóknaraðila um það að svipta varnaraðila sjálfræði í tvö ár og ekki þykja með hliðsjón af framansögðu vera nein skilyrði til þess að marka þeirri ráðstöfun skemmri tíma en svo.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 71/1997, ber að greiða úr ríkissjóði allan kostnað málsins, þar með talda þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Brynjólfs Eyvindssonar lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 150.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, A, kt. [...], [...], Reykjavík, er svipt sjálfræði tímabundið í tvö ár.

Allur kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin er þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Brynjólfs Eyvindssonar lögmanns, alls 150.000 krónur.